



### Heimaverkefni – Eignir og skuldir

Byrjaðu á að lesa yfir alla flokkana og kynna þér hvað telst til eigna og hvað telst til skulda. Verkefnið snýst svo um að safna upplýsingum um alla þá flokka sem eiga við þig og skrá eignir og skuldir á verkefnablaðið.

Dæmi um það hvernig við fyllum út blaðið er til dæmis að bíll á bílaláni er bæði eign og skuld. Virði bílsins ef hann yrði seldur í dag er eign, en eftirstöðvar bílalánsins teljast til skuldar. Það sama á við um húsnæði með fasteignaláni. Söluverð hússins í dag telst sem eign og eftirstöðvar láns teljast til skuldar.

#### Gefðu þér góðan tíma til að fá réttar upplýsingar um verðgildi eigna og stöðu skulda

Eign	Upphæð	Skuldir	Upphæð
Reiðufé		Húsnæðislán	
Bankareikningar		Aðrar fasteignir	
Sparireikningar		Bílalán	
Peningamarkaðir		Bankalán	
Verðbréfasjóðir		Yfirdráttarlán	
Inneignir (t.d. gjafabréf)		Námslán	
Spariskírteini		Greiðslukort	
Hlutafé		Léttgreiðslur/raðgreiðslur	
Skuldabréf		Ógreiddir reikningar	
Heimili		Skattar	
Aðrar fasteignir		Smálán	
Húsgögn og húsbúnaður		Ótryggð lán	
Bifreið/bifreiðar		Annað	
Listaverk, antík, safngripir			
Skartgripir, loðfeldir o.þ.h.			
Líkamsræktartæki/áhugamál			
Annað			
Samtals eignir		Samtals skuldbindingar	

Nýtt vinnublað má prenta út af heimasíðunni [www.skuldlaus.is/verkefni](http://www.skuldlaus.is/verkefni)